FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

# Áfangalýsing FAS

| | |
|---|---|
| **Titill** | Tómstundir - lýðræði og virkni |
| **Námsgrein:** | tómstundir |
| **Viðfangsefni:** | heilbrigði, jafnrétti, lýðræði, mannréttindi, sjálfbærni, sköpun, virkni, ábyrgð |
| **Skammstöfun:** | TÓMS1LV01 |
| **Þrep:** | 1 |
| **Einingafjöldi:** | 1 |
| **Lýsing:** | Tómstundaáfanginn er samtvinnaður nemendafélagi skólans og er markmiðið með honum að efla félagslífið og virkja fleiri nemendur við skipulagningu viðburða. Nemandi velur sér áhugasvið / klúbb til að starfa með á önninni. Klúbbsfélagar koma sér saman um minnst einn reglulegan fundartíma í viku þar sem skráð er fundargerð. Grundvallarmarkmið hvers klúbbs er að halda minnst einn viðburð eða skila einni afurð á önn. Einstakir viðburðir eða röð viðburða skulu tímasettir og auglýstir innan skólans. Nemandi getur með virkri þátttöku í klúbbastarfi unnið sér inn einingu við lok annar. Nemandi á möguleika á einingu fyrir vinnu sína í tómstundaáfanga á hverri námsönn. |
| **Forkröfur:** | Engar |
| **Þekkingarviðmið:** | Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• fundarritun og mikilvægi fundargerða<br>• gerð áætlana<br>• lýðræðislegum vinnubrögðum í félagsstarfi<br>• mikilvægi þess að koma fram<br>• nauðsyn þess að tjá skoðanir sínar |
| **Leikniviðmið:** | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• setja sér raunhæf en metnaðarfull markmið<br>• vinna með og skilja mikilvægi áætlana<br>• vinna með öðrum í hópi<br>• sýna virkni og axla ábyrgð<br>• koma fram og tjá sig |
| **Hæfniviðmið:** | Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• taka virkan þátt og hafa áhrif á félagslíf skólans<br>• taka mið af sjónarmiðum annarra í stefnumótun<br>• láta í ljós skoðanir sínar og fylgja þeim eftir af sanngirni<br>• koma fram og treysta á eigin getu |
| **Námsmat** | Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá. |